



Hvanneyri 30 maí 2016

## Skýrsla um verkefnið „Skjólbelti framtíðar“ fyrir árið 2013-2016.

Unnið var eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmið verkefnisins er að finna bestu hentugu skjólbeltaplöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður, þróa heppilegustu samsetningu tegunda í uppbyggingu skjólbelta þannig að þær myndi sem mest vistvæna og sjálfbæra heild, gera fyrirmyndarskjólbelti og miðla upplýsingum um tegundir og fyrirkomulag.

**Markmið 1** Unnið hefur verið að skilgreina hlutverk planta í skjólbeltum og þær kröfur til eiginleika sem gerðar eru til þeirra. Skoðað var tegundaval í íslenskum beltum sem gróðursett hafa verið að undanfögnu. Rýnt var í ritaðar heimildir, innlendar og erlendar, m.a. skoðuð víðtæk reynsla Dana í þessum efnum og farið í fróðlega skoðunarferð til Jótlands sem skýrt verður frá í skýrslu sem verið er að vinna í.

Á heimasíðu Yndisgróðurs er að finna svæði fyrir verkefnið Skjólbelti framtíðar, <http://yndisgrodur.lbhi.is/Pages/2765>. Þar má sjá eftirfarandi kafla:

**Um Skjólbelti framtíðar**, sagt frá verkefninu og má þarna m.a. sjá verkefnislýsingu, kynningu á verkefninu sem gerð var fyrir fagráðstefnu skógræktarinnar í mars 2016.

**Sögulegt yfirlit**, hér er í stutt yfirlit yfir sögu skjólbeltaræktunar á Íslandi

**Hlutverk plantna**, hér er sagt frá uppbygging skjólbelta og hlutverk mismunandi plöntutegunda í uppbyggingu þeirra.

**Kröfur til plantna**, hér er sagt frá æskilegum eiginleikum og þeim kröfum sem gerðar eru til plöntutegunda í skjólbelti.

**Hentugar tegundir**, hér er sagt frá þeim helstu tegundum og yrkjum sem taldar eru vænlegar til uppbyggingu skjólbelta og sem eru í reynslu í tilraunum verkefnisins. Á lista yfir tegundir er tengin yfir á plöntuleit Yndisgróðurs þar sem lesa má nánar um viðkomandi tegund og yrki. Ekki er hægt að gefa út endanlegan meðmælaalista fyrr en meiri reynsla fæst af þeim tilraunaskjólbeltunum sem komið hefur verið upp er hægt að birta ítarlegri lista yfir hentugar tegundir / meðmælaalista.

**Tilraunaskjólbelti**, Hér er umfjöllun um þau tvö tilraunaskjólbelti sem verkefnið hefur gert. Annarsvegar 25 m langt tilrauna- og sýniskjólbelti við tilraunahúsið á Hvanneyri gróðursett vorið 2014 og hinsvegar 250 m langt belti í grásteinsmýri á hvanneyri gróðursett sumarið 2015, sjá nánar í kaflanum um markmið 2. Þarna má finna plöntuteikningu/skipulagsteikningu af beltunum ásamt plöntulista.

**Dæmi um skjólbelti**, hér má finna safn uppdrátta af mismunandi skjólbeltum.

(Mælingar og athuganir á tilraunaskjólbeltum þurfa að vara í minnst 2-3 ár til að hægt sé að koma fram með eiginlegar niðurstöður og því mikilvægt að verkefninu sé fylgt vel eftir. Einnig er mikilvægt að koma upp fyrirmyndarskjólbeltum á fleiri stöðum á landinu í samstarfi við viðeigandi aðila til að

geta metið árangur á stærri skala – sjá upplýsingar um samstarf og tengsl við hagsmunaaðila í markmiði 2)

## Markmið 2

Gróðursett hafa verið tvö tilrauna og sýniskjólbelti á Hvanneyri.

Það fyrra, sem er ofan við tilrauna og sýnisgarð yndisgróðurs rétt við tilraunahúsið á Hvanneyri, var gróðursett vorið 2014. Það er þriggja raða 25 m langt sem nú þegar hefur nýst vel í kennslu og miðlun upplýsinga um nýja gerð skjólbelta.

Það síðara er í grásteinsmýri og var gróðursett sumarið 2015. Skipulagðar voru um 10 mismunandi samsetningar um 30 tegunda (yfir 50 yrki) í þriggja raða og um 250 m.l. belti. Bleytutið gerði gróðursetningastarf nokkuð seinlegt og erfitt. Gerð var úttekt um haustið á lifun og upplýsingar um ræktun beltisins teknar saman. Nokkuð var um afföll. Nær allar plöntur sem gróðursettar voru í tilraunabeltið alls um 750 stk. fengust sem styrkur frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar og garðplöntustöðvunum Mörk, Nátthaga og Kjarri.

Töluvert illgresi var í „fyrirmyndarskjólbelti“ (25 m.l.) við rannsóknarhúsið á Hvanneyri gróðursett 2014. Reynd var sú aðferð að kæfa illgresið með gömlu heyi og tókst það sæmilega. Lítil afföll urðu í beltinu, einungis þrjár plöntur drápu og var endurplantað.

Haldið var áfram að koma á tengslum við rannsóknaraðila, hagsmunaaðila og ræktenda sem tengjast skjólbeltarækt. Farið var í vettvangsferðir um Eyjafjörð í samvinnu við Bergsteinn Þórsson hjá Norðurlandsskógum, Suðurlands í samvinnu við Hall Björgvinsson hjá Suðurlandsskógum og Vesturland í samvinnu við Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur hjá Vesturlandsskógum. Komið var á formlegri samvinnu við Suðurlandsskóga um val á yrkjum til skjólbeltaræktar og aðgengi að efnivið til fjölgunar. Komið var á óformlegu samstarfi við Vesturlandsskóga um val á nokkrum vænlegum tegundum og yrkjum og skipulagningu á tilraunabeltum á Bakka á Kjalarnesi sem gróðursett verður í júní 2016.

Á skógarþingi í Borgarnesi 11. - 12. mars 2015 var verkefnið kynnt með veggspjaldi og stuttri framsögu. Sömu leiðis var verkefnið og helstu niðurstöður þess kynnt á erindi á fagþingi skógaræktarinnar sem haldið var á Patreksfirði 16-17 mars 2016.

Verkefnisstjóri var „aðstoðarleiðsögumaður“ 24. júní um Suðurland ásamt Halli Björgvinssyni með hóp skjólbeltaráðunauta frá Danmörku.

Farið var í afar fróðlega þriggja daga skoðunarferð til norður og vestur Jótlands í ágúst þar sem verkefnisstjóri naut leiðsagnar ráðanauta frá danska heiðarfélaginu auk heimsóknar í tvær garðplöntustöðvar.

Birt var viðtal byggt á grein verkefnisstjóra um verkefnið í Bændablaðinu 11. júní 2015.

Haldið var námskeið þann 4. september á Hvanneyri fyrir almenning um val og samsetningu tegunda í skjólbelti, fámennur en góður hópur kom á námskeiðið.

Samson Bjarnar Harðarson